

Reykjavík 2. mars 1999

Umhverfisnefnd Alþingis
Þórshamri
v/Tempíarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/1235
komudagur 3. 3. '99

Bestu þakkir fyrir að gefa okkur, jarð- og landfræðinemum við HÍ, tækifæri til að koma að gerð laga um náttúruvernd. Fyrirvarinn þótti okkur þó heldur stuttur og vonum að fá lengri frest en 4 virka daga næst, til að lesa yfir eins viðamikið frumvarp.

Þær athugasemdir sem við gerum eru týndar til hér að neðan og vonum við að okkur takist að koma einhverju nýju að í umræðuna.

33. grein; V. kafli: Þar sem talað er um að leita umsagnar vegna skipulagsáætlanna þykir okkur sjálfsagt að tekið sé tillit til þeirra umsagna. Þannig þætti okkur eðlilegt að hafa í lögum skýrt kveðið á um ákveðin umsagnaraðila sem verði að taka tillit til, svo sem Náttúruverndar ríkisins.

34. grein; V. kafli: Síðustu orðin: þar sem það á við, finnst okkur að eigi að sleppa þannig að alltaf séu meiriháttar framkvæmdir í samræmi við skipulagsáætlannir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Við veltum einnig upp þeirri spurningu hver það er sem ákveður hvar það eigi við, að taka mið af umhverfismati eða skipulagsáætlunum.


35. grein; V. kafli: Þar þykir okkur allt orðalag frekar veikt, það er sjálfsagt að okkar mati að allar meiriháttar framkvæmdir falli að svipmóti landsins. Einnig er athugandi að láta þarna vera ákveðin fastan aðila til að segja um hvað sé ásættanlegt t.d. Náttúruvernd Ríkisins.

44. grein; V. kafli: Þar mætti bæta við að þessi grein eigi líka við um leikmyndir sem eru æ oftast skildar eftir á töku stað til að grotna niður oft til umtalsverðra lýta.

73. grein; IX. kafli: Gott og blessað er að setja hámark dagsekta í reglugerð en okkur þætti magnað að sjá þar einnig skilgreint lágmark dagsekta.

77. grein; IX kafli: Þar sem vitum ekki hvernig ákvæði laga um gerð eignarnáms nr. 11/1973 hljóma getur verið að þessi ábending sé óþörf en við teljum að koma verði skýrt fram að menn geti ekki farið af landi brott fyrr en tjón er að fullu bætt.

f.h. Fjallsins, félags jarð- og landfræðinema við HÍ



Edward H. Huijbens